

Alþingi
Erindi nr. Þ 126/1052
komudagur 23.1.2001

Minjasafnið á Akureyri
Aðalstræti 58.

Til Nefndasviðs Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

17. janúar 2001

Menntamálanefnd Alþingis sendi Minjasafninu á Akureyri frumvörp að lögum um
þjóðminjavörsluna til umsagnar.

Umsögnin fylgir hér með. Hún er einnig send í tölvupósti í dag.

Virðingarfyllst,



Guðrún María Kristinsdóttir safnstjóri.

X Frumvarp til safnalaga.

Almennt.

Frumvarpið er löggjöf sem nær til þrenns konar safna ef Náttúruminjasafn verður að veruleika, og er slíkt til bóta.

Um Þjóðminjasafn Íslands vantar reglugerð sem kveði m.a. á um deildir safnsins og sérsöfn á borð við Sjóminjasafn og Tækniminjasafn. Einnig forystu- og þjónustuhlutverk Þjóðminjasafns gagnvart byggðasöfnum. Hvaða starfsmenn Þjóðminjasafnsins eiga að sjá um samvinnu safna og samræmda safnastefnu t.d.?

Safnaráði er ætlað hlutverkið að hafa yfirsýn yfir byggða- og minjasöfn í landinu, starfsemi þeirra og áætlanir. Ráðið á að vinna að mörkun stefnu og langtímaáætlana. Hér er um að ræða mjög mikilvægt starf en ekki verður séð hvernig safnaráð á að fara að, því tengslin vantar.

Safnaráð getur ekki með góðu móti tryggt að "fjárveitingar til safna grundvallist á rökstuddu mati og heildstæðri stefnu í safnamálum" (Athugasemdir við lagafrumvarp - safnalög) nema ráðið starfi þeim mun nánar með söfnunum.

Í því sambandi má nefna að Félag ísl. safnamanna á aðeins að skipa einn af fimm fulltrúum safnaráðs.

Athugasemdir við einstakar greinar.

II. 6. gr. Rétt er að taka fram að byggða- og minjasöfn megi ekki heldur taka við gjöfum sem kvaðir hvíla á.

III k. 10. gr.2. liður. Hér er gert ráð fyrir að safnaráð staðfesti stofnskrá safns. Í frumvarpi þjóðminjalaga er gert ráð fyrir að þjóðminjavörður veiti söfnum viðurkenningu að fenginni umsögn safnstjóra Þjóðminjasafns Íslands. Er um sama hlut að ræða?

Frumvarp um húsafriðun.

Almennt.

Þótt húsafriðunarnefnd verði skilin frá þjóðminjavörslunni, er áfram gert ráð fyrir að minjaverðir, starfsmenn þjóðminjavarðar, hafi með þau mál að gera. Hvernig verður fyrirkomulag á því?

Byggðasöfn hafa gegnum tíðina lagt sitthvað til málaflokksins hvert á sínu svæði, og til eru hjá ýmsum söfnum miklar heimildir um gömul hús. Byggðasöfn leysa oft úr erindum einstaklinga sem varða gömul hús. Þessi mál verða áfram á borði byggðasafnanna þótt þau séu það ekki lagalega séð. Væri ekki æskilegt að byggðasöfn, þar sem því verður komið við, væru umsagnaraðilar fyrir byggingar- og skipulagsyfirvöld, eða fyrir Húsafriðunarnefnd, þegar málefni gamalla húsa eru á dagskrá?

I.k. 2. gr.

Félag íslenskra safnmanna hefur til þessa átt fulltrúa í Húsafriðunarnefnd ríkisins og þarf að eiga áfram.